



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd mánudaginn 28. október 2019 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Adolf. H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingafulltrúi hafi tekið til umfjöllunar og afgreiðslu. Málið var til kynningar.

2. Skipulagsmál:

a) Umsókn Guðjóns Bjarnasonar um úthlutun lóðar nr. 6 vestan við Hólunesveg.

Fyrir fundinum lá umsókn Guðjóns Bjarnasonar f.h. Geymd ehf. dags. 25. október 2019 sem sækir um úthlutun á byggingarlóð nr. 6. vestan við Hólunesveg til byggingar á einbýlishúsi en í umsókn kemur fram að líklega verði um innflutt einingahús að ræða. Áætlað er að framkvæmdir hefjist haustið 2020 og byggingartími verði 2 ár. Lóðin sem um ræðir var auglýst skv. ákvörðun sveitarstjórnar með afslætti af öllum gatnagerðargjöldum háð því að byggingarframkvæmdir verði hafnar innan árs og að bygging hafi hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára frá úthlutun.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjanda lóðina til byggingar einbýlishúss en jafnframt eru samþykkt þau tímamörk lóðarúthlutunar að framkvæmdir skuli hafnar innan árs.

b) Umsóknir Ólafs Ingibjörnssonar og Hrannar Árnadóttur um úthlutun lóðar að Stóra-Bergi austan við Iðavelli og til vara lóð að Oddagötu 3

Fyrir fundinum lá umsókn Ólafs Ingibjörnssonar og Hrannar Árnardóttur dags. 21. október 2019 sem sækja um úthlutun á lóð að Stóra Bergi austan við Iðavelli til byggingar einbýlishúss. Umrædd lóð var ekki hluti af þeim lóðum sem sveitarstjórn ákvað að úthluta með afslætti af gatnagerðargjöldum. Þá er lóðin skilgreind sem opið svæði á aðalskipulagi. Taldi nefndin ekki tækt að úthluta lóðinni til byggingar á íbúðahúsi og hafnaði umsókninni.

Nefndin samþykkti að úthluta umsækjanda lóðina að Oddagötu 3 til byggingar einbýlishúss með afslætti af gatnagerðargjöldum eins og sveitarstjórn boðaði og skv. þeim skilmálum sem lagt var upp með sbr. liður. 2.a) hér að ofan.

A. B
B. B
PJS JWS



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

- c) Umsókn Terra ehf. vegna stækkunar á gámaplani að Vallarbraut 22.

Fyrir fundinum lá lóðauppráttur unnin af Verkfræðistofunni Stoð vegna beiðni um stækkun á gámaplani að Vallarbraut 22. Fyrirliggjandi breytingar miðast við að gámaplanið verði stækkað um 30 m til suðurs frá afstöðu plansins í dag. Sveitarfélagið er eigandi aðliggjandi lóða.

Nefndin staðfesti fyrirliggjandi lóðarmörk og samþykktir stækkun á lóð sem tekin verður af Ræktunarlandi 49.

- d) Erindi Jóns Garðars Sveinssonar vegna uppsetningu skjólveggja eða manar austan við stöðuhýsi að Hólabergi.

Fyrir fundinum lá erindi Jóns Garðars Sveinssonar og skissur af fyrirhugðum skjólveggjum annars vegar og mön hins vegar. Samkvæmt eiganda hússanna þarf að ráðast í að setja upp slíkan skjólvegg eða mён til þess að verja húsin fyrir veðrum og vindum. Nefndin samþykkti að veita leyfi til byggingar á skjólvegg sem nær að hluta utan lóðar og á vegenda. Útfærsla, staðsetning og framkvæmd skal unnin í samráði við byggingafulltrúa.

- e) Þjóðskógr á Skagaströnd

Afmörkun á landsvæði; tillaga að lóðarmörkum til staðfestingar.

Fyrir fundinum lá tillaga að afmörkun landsvæðis vegna skógræktar í sveitarféluginu en fyrirhugað er að gróðursetja þjóðskógr í samvinnu við Skógræktina. Nefndind samþykkti fyrirliggjandi lóðarmörk.

3. Hafnamál:

- a) Framkvæmdir v. smábátahafnar

Staðsetning á stæðum

Fyrir fundinum lá teikning af innri bryggju á nýrri smábátahöfn. Rætt var um að breyta staðsetningu á fingrum til rýmkunar á þeim stæðum sem liggja fyrir miðri bryggju. Þau stæði eru í dag þrengri en önnur stæði við bryggjuna. Ákveðið var að halda stæðum óbreyttum að sinni.

- b) Fjármál hafnar – ársreikningur 2018

Fyrir fundinum lá ársreikningur hafnarinnar 2018. Samkvæmt reikningnum voru tekjur hafnarinnar 52 milljónir og rekstrargjöld 40,9 milljónir. Rekstrarafgangur var því um 11,1 milljón. Ársreikningur var til kynningar.

J65
TH.
BPH
RJSB



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

4. Önnur mál.

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Á fundinn eru boðuð:

Hafnar og skipulasnefnd:

A.H. Berndsen
Adolf H. Berndsen, form.
Jóhann L. Sigurjónsson
Jóhann Sigurjónsson
Péturína L. Jakobsdóttir
Péturína L. Jakobsdóttir

Steindór R. Haraldsson

Þróstur Líndal

Fosha hundl.

Starfsmenn:

Bragi Pór Haraldsson
Bragi Pór Haraldsson, byggingarfulltrúi
Alexandra Jóhannesdóttir
Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri